Jóel Jónsson	0310307299
Þorbjörg Guðmund	
Sigrún Einar dóttir	070627-2139
Guðrún S. Kristjánsd	
Þagbjört Guðmund	
Magnús Kristinnsson	131023-4219
Frít. L. Jóhannsdóttir	010832-3309
Þorgerður	
Guðbjörg Hjalmsdóttir	190627-2419.
Lisín Samueldóttir	030231-2529

MÓTMÆLI UNDIRSKRIFTARLISTI

Nafn

Kennitala

Örnþór Sævaldsson
Sigurðaug Sigurðinn.

060940-3719
291129-3079

Vinþórunn

2807454409

Erna R. Rutkjaard

24083 22679

Guðný Einarsdóttir

230638 2339

Kristjana Þóllýst Gudm.

090129 2529

Karl S. Benediktsson

230234 3299

Régína Þirkis

010237-3359

Greta Bachmann

080930-7349

Ingibjörg Björnsdóttir { Sími 4311422-895162
Ktala 0410353909

Brínni Ingadóttir 041237-3849

Ársel Margræt Árnad 190728-4719

Vilborg Magnúsd 5571860

Helga L. Helgadóttir 553-5542

Jóna Gígja Eirsdóttir 2206392689

Björg R. Sigurðard 0902-10 3159

Ásgeir Hórnarsson 111236-2089

Maria H. Grönm. 3110.2989

Marsilíu Tomasd. 301042-2869

Ingvaldur Jónny Jónsd 05.08.41-4809.

Louisa Ólfersdóttir 1309.40-2859

Sigrún Jónsdóttir 030439-2409

Jónna Þórnisdóttir 180640 3099

MÓTMÆLI UNDIRSKRIFTARLISTI

Nafn

Kennitala

Magnús Guðna-son	170924-2909
Arnur Óskarsdóttir	171132-4289
Leifur Halldórsson	080923 2879
Kristín Sveinól	211022-3109
Kristinn B. Kirilsson	211028-4019
Þórunn Brynjólfsdóttir	110826-4949
Ólafur Jóhannsson	121232-9729
Kristinn Halldórsson	190833-2329
Þjórg Helgadóttir	281143-2559
Guðrún Marníósd.	
Sigrún Þorvaldsson	230232-2619
Óskar Jónsson	190725-2279
Guðný Björnsd.	071229467
Sveinn Jónsson	240831-4879
Sigrúnur Halldór	071231 3429
Þórhildur Magnúsd.	507-5000
Anna Þorvaldur Jónsson	120730, 3829
Sigrún Sveinól	180429-4179
Sigrúnur Marníósd.	210349-4189

MÓTMÆLI UNDIRSKRIFTARLISTI

Nafn

Kennitala

Ólafur S. Guðmundsson

220934-2769

Kristín Þ. Jónsdóttir
Jóna A. Rannsótt.

Ann María Andreassen

Frá: Olafur Gylfason <olafurgylfason@yahoo.com>
Sent: 14. ágúst 2017 17:13
Til: USK Skipulag
Efni: Vegna breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar

Heil og sæl,

Undirritaður vill gera eftirfarandi athugasemdir við nýjustu breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar:

- Frekari skerðingar á íþrótt- og útivistarsvæðinu vegna reits, **F. Verlun og þjónust – V2** er óásættanleg m.a. vegna
 - ÍR svæðið var stækkað í síðasta deiliskipulagi til að koma á móts við þá miklu skerðingu sem varð fyrirhugaðrar lóðasölu á lóðum merktum D og E en eftirgjöf ÍR á þeim átti að standa undir fjármögnun á uppbyggingu á ÍR svæðinu.
 - Framtíðar möguleikar íþróttasvæðisins skerðast verulega og þar sú afþreying sem svæðið getur veitt íbúunum.
 - Byggingu á 23.000 fm húsnæði mun fylgja tilheyrandi umferðaraukningu. Slíkt mun valda bæði ónæði vegna aukins hávaða auk þess tímataps sem aukin umferð mun valda íbúum hverfisins.
 - Verslun og þjónusta á ekki heima inn á íþrótt- og útivistarsvæði.
- Vegna þess byggingarmagns sem er verið að bæta við á reit **D. B1 Íbúðir** er óásættanleg m.a. vegna
 - Aukning um 36 íbúðir á reitnum mun beina aukinni umferð inn í hverfið.
 - Hækkun bygginga um eina hæð mun svo skyggja á útsýni íbúa sem eru fyrir á svæðinu.
 - **Það að auka byggingamagn án þess að ekkert endurgjald komi til Reykjavíkur er auk þess mismunun og misnotkun á þeim gæðum sem Reykjavík býr yfir.**
- Vegna reits E. Verslun og þjónusta – V1 en nýting hans er óásættanlega m.a. vegna
 - Verslun og þjónusta á ekki heima inn á íþrótt- og útivistarsvæði né á íbúðasvæði.
 - Mikilli aukningu á umferð inn á svæðið.

Ég óska jafnframt eftir upplýsingum um öll fyrri deiliskipulög á Suður-Mjóddar svæðinu og kostnað samhliða þeirri vinnu allri sem fallið hefur á Reykjavíkurborg.

með vinsemd og virðingu,
Ólafur Gylfason,
Lambaseli 11
109 Reykjavík
230666-4159

Ann María Andreassen

Frá: Hróbjartur Jónatansson <hj@jonatansson.is>
Sent: 15. ágúst 2017 10:08
Til: USK Skipulag
Efni: Mótmæli við breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar

15. ágúst 2017.

Undirritaður gerir eftirgreindar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi Suður-Mjóddar.

- 1) Í fyrsta lagi, er mótmælt aukningu byggingarmagns á reit D.B1. – hafa ber í huga að hér er verið að skerða íþrótt- og útivistarsvæði ÍR og því verður að fara með gát og gæta þess að þrenging verði ekki óhófleg til framtíðarnotasvæðisins og frekari uppbyggingar þess. Til dæmis er þörf á sundlaug í Suður- Mjódd sem getur þjónað neðra Breiðholti sem telur nú um 13.000 manns eða svo. Á sínum tíma var af íbúum fallist á að óveruleg íbúðabyggð kæmi í Suður-Mjódd gegn því að RVK myndi byggja svæðið upp enda yrði engin röskun á íþróttasvæðinu. Fyrirhuguð aukning gengur gegn því markmiði. Í samræmi við það verður íbúðabyggð að falla vel að íþróttasvæðinu og ber því að ákveða íbúðabyggðina út frá forsendum íþróttasvæðisins en ekki öfugt. Aukning á byggingarmagni sem nemur 32 íbúðum mun skerða íþróttasvæðið og hamla uppbyggingu þess. Þá er óásættanlegt að hús séu hækkuð frá því sem er í núverandi skipulagi. Þá mun aukið byggingarmagn auka umferð sem veldur aukinni slyshættu og óþægindum fyrir notendur íþróttasvæðisins, sem eru aðallega börn og unglingar.
- 2) Í öðru lagi, er mótmælt frekari skerðingum á ÍR svæðinu vegna reits F, Verslun og þjónusta –V2. Nú þegar er búið að skerða íþróttasvæðið um of og frekari skerðing mun minnka gildi svæðisins sem íþrótt- og útivistarsvæðis til lengri tíma litið. Svæðið býður ekki upp á 23.000 fermetra atvinnuhúsnaði með tilheyrandi umferðarpunga og ónæði. Þá fer ekki saman að vera með íþrótt- og útivistarsvæði og svo verslun og þjónustu.
- 3) Í þriðja lagi er mótmælt fyrirhugaðri starfsemi á reit E. verslun og þjónusta –V1. Enn er verið að ganga lengra í að þrengja að íþrótt- og útivistarsvæðinu en lofað var á sínum tíma. Verslun og þjónusta á ekki heima inni á íþróttasvæði og slíkar byggingar munu hamla frekari uppbyggingu svæðisins til framtíðar.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Virðingarfyllst,
Hróbjartur Jónatansson
Ljárskógum 6,
109 Reykjavík.

Reykjavík, 17. ágúst 2017

Mál varðar breytingar á deiliskipulagi fyrir Suður Mjódd

Undirritaður gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskiplagi fyrir Suður Mjódd.

Fyrst ítrektun á eldri athugasemdum sem mér finnst að eigi enn við þó að það sé ekki stekið skýrt fram texta í þessari breytingartillögu á deiliskipulaginu hvort þetta eigi við eða ekki. Ég reikna með að þetta eigi enn við.

1. Á svæði ÍR er gert ráð fyrir 250 bílastæðum en áhorfendasvæði í fjölnota íþróttahúsi er 1500 manns og sami fjöldi er skráður í stúkuna. Að reikna með 5 mann í hverjum bíl og ekki gera neinar ráðstafanir vegna keppenda eða starfsfólks er ekki ásættanlegt. Bílastæðin eru of fá nema þeir sem skipuleggja þetta noti aðrar og betri reiknisaðferðir en ég. Ég gef ekkert fyrir skýringar í texta um að hægt sé að sýna fram á minni bílastæðapörf þar sem hér sé um hverfistenda starfsemi. Við ÍR-ingar búa víðar en í Breiðholti.
 - a. Í svari síðast koma fram að miðað við að það væru 6 manns í bíl og svo ætti að ganga, leggja í nágrenni og á bílastæði verlana í Norður Mjótt. (staðan er svo í dag að þar er komið skilti sem segir „aðeins fyrir viðskiptavinum“).
 - i. Gaman er að fá skýringu á þessu svari frá því síðast. Þar sem þetta gengur ekki upp.
2. Þó að það sé tekið fram um fjölda bílastæða við einstaka byggingar, þá er aðeins verið að tala um lámærks kröfur. Raunin er oft að það þarf fleiri bílastæði en eitt á hverja 12 ferm. skrifstofuhúsnæðis.
 - a. Kem að þessu nánar síðar
3. Stækkun elliheimilis að Breiðholtsbraut er vanhugsuð vegna þess að ekki verður hægt að uppfylla hljóðvist þar sem byggingin liggur með Breiðholtsbraut. Allvegana er ekki sýnt fram á það eða talað um það.
 - a. Þetta þarf að koma í deiliskipulagi. Ekki nóg að láta þetta koma fram á teikningum.
4. Almennt er talað um hljóðvist í þessu skipulagi (frá 2015). Að mínu mati er orðalag óljóst samanber t.d. „en gera má ráð fyrir því að gerðar verði frekari ráðstafanir“. Deiliskiplagið á að taka skýrt á kvöðum en ekki tala um almennt um eitthvað.
5. Ekkert er getið um tenginu Álfabakka við Hlíðardalsveg í Kópavogi (reyndar talað um Lindarveg í skipulaginu) samanber eldra skipulag. Það er ekki nægjanlegt að segja að Álfabakki liggi að Kópavogi.
 - a. Það er búið að laga þetta í þessari tillögu. (kem að þessu síðar).
6. Ekkert kemur fram um áætlaða umferð í skipulaginu frá 2015 (ekki heldur í þessari breytingartillögu). Vegna reita C1 og C2 kemur fram að þar verði 650 stæði. Hvernig verður umferðin? Ekki stafur um hana.
 - a. Meira síðar.

7. Mun umferð á Breiðholtsbraut aukast? Þess er óskað að það komi fleiri tré eða hæðamön á milli Breiðholtsbrautar og Arnabakka (á mótis við Prestsbakka).
 - a. Enn og aftur er ekkert um umferð. Ef á að notast við að það Breiðholtsbrautin sé utan skipulagssvæðis þá er eitthvað að skipulagsyfirvöldum. Eingin kemst inn á þetta svæði nema nota Breiðholtsbraut og Reykjanesbraut. Það hlýtur að þurfa að taka á umferðamálum í þessu skipulagi. Þessar umferðaæðar hljóta aða vera forsenda fyrir þessum byggingum sem á að byggja. Ef það á ekki að gera það er óskað eftir þeim forsendum.

Varðandi greinagerðarinnar sem byrtist með þessari breytingartillögu að Suður Mjódd með dagsetninguna 27. Apríl 2017.

1. Með þessum framkvæmdum verur svæði ÍR er orðið allt of lítið til að geta upp öflugt íþróttastarf til framtíðar. Svæðið er svo lítið að það er aðeins hægt að byggja hálf fjölnota íþróttahús. Það segir allt um metnað borgaryfirvalda unglingastarf í Breiðholti.
2. Í tillögunni er fótboltavöllum (þ.e. knattspyrnuvöllum) fækkað um einn. Engar forsendur eru gefna fyrir þeirri ástæðu. Hver er ástæðan. Var gerður samningur við ÍR um málið?
3. Varðandi hljóðsvist er við Árskóla 1-3 og 5-7 er gerð krafa um hljóðvist uppa á 50 dB varðandi eina hlið en engar kröfur gerðar á aðrar hliðar bygginganna. Ég vissi ekki að hljóð bærisk aðeins í eina átt. Ég hef átt heima nærri Reykjanesbrautinni (Kópavogs megin) og það skipti ekki máli hvor maður var norðan eða sunnan megin við húsið það var sami hávaðinn. Það þarf að gera sömu kröfu á hljóðvist á öllum hliðum bygginganna. Þetta á líka við um byggingar sem eru við Álfabakka (vona nú samt að þær komi ekki þar sem ég er á móti þeim).
4. Fjölga á íbúðum við Árskóga 1-3 um 16 íbúðir. Ekkert er getið um forsendur hvers vegna það er gert. Ég er á móti þessu. Sama ávið um Árskóga 5-7. Þar á að fjölga íbúðum um 20. Ég er á móti þessu og engin rök færð fyrir þessum breytingum eða hvaða áhrifa það hefur á umferð og hljóðvist?
5. Bílastæði við við Árskóga 1-3 verða 78 sem eru 10 fleiri en íbúðirnar. Þetta gengur bara ekki. Íbúar á þessum aldri fá gesti og 10 stæði duga ekki. Það er ekki hægt að segja að eldra fólk sé að koma með almenningssagöngum. Það kemur á einkabifreiðum svo það þurfi ekki að ganga langar leiðir. Hver eru rökin fyrir svona fáum bílastæðum? Sama á við um Árskóga 5-7. Nema þar er bílastæðin jafnmörg og íbúðirnar. Lifa skipulagsyfirvöld og hönnuðir á þessu skipulagi í öðrum heimi en ég? Hvað gengur yfirvöldum til?
6. Í texta í lið D stendur „Húshæðir: 4 hæðir og inndregin 5. hæð felld út.“ Þetta ætla ég að segja að ég skilji ekki. Má skilja það svo að 5 hæðin er felld út eða er átt við að hætt sé við að fella hæðina inn?
7. Hver ástæða þess að kvöð um bílakjallara við Álfabakka 2a, 2b, 2c og 2d er breyt frá því að vera á tveimur hæðum í aðeins eina hæða? Miðað við stærða þessara bygginga þarf fleiri stæði fyrir bifreiðar.

8. Bílastæð við Álfabakka 2a, 2b, 2c og 2d eru og fá. Þarna er samtals gert ráð fyrir 348 stæðum en byggingarmagnið (fyrir utan bílakjallara) er 17.000 M². Hér eru engar forsendur gefna um þennan (fáa) fjölda bílastæða. Þarna gætu unnið á milli 1000 til 1400 manns og hvað þá um viðskiptavina. Ég sé bara ekki hvernig 348 stæði eigi að duga. Það er athyglisvert það við byggingar við Árskóga er tekið fram fjöldi bílastæða fatlaðra en ekki við byggingar við Álfabakka. Svona misræmi er óþolandi eða er þetta með ráðum gert? Á víðar við í þessari greinagerð með þessu skipulagi.
9. Undirritaður er mótfallinn því að koma með Álfabakka 4 aftur inn á skipulag. Þetta þrengir að íþróttasvæði ÍR til framtíðar. Á ekki að horfa til framtíðar? Er það talin góð stjórnsýsla að lofa einhverjum lóð sem er ekki til á skipulagi og ætlast til að íbúar á svæðinu vilji það? Hvort er réttur íbúa metinn til móts við eða einhverja fjárfesta (í þessu bílaumboðið Hekla)? Þarna sagt að eigi að byggja allt að 10.980 m² sem er allt allt of mikið. Hver er fósenda fyrir þessu byggingarmagni? Pólitískt loforð?
10. Á lóð Álfabakka 4 er einnig gert ráð fyrir sér bílastæðahúsi. Sagt er að 40-50% eigi að vera með jarðvegi og gróðri. Spurt hvað hluti þaksins? Er það þeirra sem fá lóðin að ákveða það eða ætti ekki að segja suður- og suðvesturhluti þaks eigi að vera með gróðri (ef skipulagið verður samþykkt (sem ég er mótfallinn).
11. Ekkert er minnst á umferð eða aðkomu að þessu svæði sem er verið að skipuleggja. Hvernig verður umferðin? Hver er umferðin í dag á Reykjanesbrautinni og hver verður hún við tilkomu þessa skipulags? Hver er umferðin í dag á Breiðholtsbrautinni og hver verður hún við tilkomu þessa skipulags. Það er ekkert um þetta í þessum dörgum að deiliskipulag. Hver er ástæða þess? Íbúar eiga rétt að fá þessi svör. Það þýðir ekkert að notast við 50 mm vatnsrör ef það þarf 100 mm vatnsrör. Það verður að gera úttekt á umferðinni. Ef það á ekki að gera það er óskað eftir rökum fyrri þeirri ákvörðun?
12. Aðeins einu sinn er minnst á hávaða og það við byggingar við Ársali (reyndar vanhugsað eins og annað). Hvað með hljóðvist bygginga við Álfabakka er það óþarfi? Er nauðsyn að bygginga einhverjar hljóðmanir með Reykjanesbraut vegna hávaða? Hvað með bætta hljóðvist vegna aukinnar umferðar á Breiðholtsbraut? Hafa einhverjar mælingar verið gerðar eða spá gerð um þann hávaða sem gæti orðið með tilkomu þessa skipulags? Ef ekki hver eru rökinn? B-Vil ekki sjá svarið að Reykjanesbraut og Breiðholtsbraut séu utan skipulagsrammans.
13. Álfabakki er saður tengjast Lindarvegi. Hefur einhver samningur verið gerður við Kópavogsbæ vegna þess? Hvað ef þessi tengin kemur ekki strax? Á þá að gera aðrein frá Reykjanesbraut nærri Álfabakka 4?
14. Í greinagerð stendur „Á lóðinni og við lóðarmörk er heimilt að reisa auglýsingarskil sem tengist starfseminni, en þau skal færa inn á aðaluppdrætti“. Þetta getu ekki verið svona allar kvaðir vegna þessa auglýsingaskiltis eiga að vera í þessu deiliskipulagi. Íbúar í nágrenni geta ekki haft mikil áhrifa á skiltið ef það á aðeins að sýna það á aðaluppdrætti. Legast á mót í þessi skilti en ef það þarf að koma (vegna óska þeirra sem eru þegar búnir að fá lóðina þó hún sé ekki til á skipulagi) þá verður kvaðir og annað vera setti í deiliskipulaginu. Skilti er ekki sama og skilti.

15. Það er lítið fjallað um hæðakvóta í þessu skipulagi. Fer fram á að hæðakvótar komi fram s.s hvar er gólfhlötur 1 hæðar og hvar er kvótinn fyrir þakið. Þetta á við byggingar við Árskóga og Álfabakka.

16. Varðandi Álfabakka 2 a, b, c og d kemur ekkert fram um hvað hver hæð er há. Þarf að koma fram. Það er stór munur hvort hver hæð er 270 eða 5 m á hæð. Það á ekki að gera sömu mistök eins og voru gerð í Skúlagötuinni en þar var aðeins talað um fjöldi hæða en ekki minnst á það að var hátt til lofta á hverri hæð.

Ég vil taka það fram þó að ég hafi komið með margar athugasemdir á einstaka þætti í þessu skipulagi er ég eindregið á móti stækkunar og aukningu á byggingarmagni á þessu svæði. Það á ekki að þrengja meira að svæði ÍR. Hvert ætla yfirvöld að senda ÍR næst þegar búið er að þrengja svo mikið að svæðinu að það háir allri framþróun og næsti verktaki vill byggja fjölbýlishús á svæðinu? Má aldrei horfa fram á vegin til 10, 20, 30 eða 50 ára. Sem íbúi í Breiðholti við ég ekki fá þetta byggingarmagna á svæðið sem þrengja lífsgæði mín og annara íbúa í Breiðholti, Kópavogi og í Reykjavík.

Virðingarfyllt,

Pétur Valdimarsson
Kt.090359-6229
Réttarbakka 1
109 Reykjavík

Skipulag í Reykjavík

Athugasemdir við um breytt deiliskipulag í Suður-Mjódd, 109 Reykjavík.


Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 21. júní 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 29. júní 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar. Í breytingunni felast m.a. breytingar á íþróttasvæði ÍR sem og aðrar breytingar. Á íþróttasvæði ÍR er auglýst breyting á uppbyggingu mannvirkja, heimild fyrir uppbyggingu á íþróttahúsi og hálfu knattúsi auk þess sem stúka fyrir allt að 1500 manns verði færð til og lögð samhliða keppnisvelli ÍR.

Við skoðun á þeim „Skýringaruppdráttum – Breyting B“ og „Ásýndir“ Mynd A sem fylgja með auglýsingunni er hér um að ræða veruleg mannvirki og allt önnur ásýnd en samþykkt var árið 2009 og síðan í kynntu og samþykktu deiliskipulagi árið 2015. Í báðum þessum tillögum er gert ráð fyrir opnu svæði framan við lóðir 1-3 og 5-7 við Árskóga. Þessi opnu svæði framan við fyrirhugaðar byggingar á lóð nr 1-3 við Árskóga var og er m.a. ein af forsendum fyrir ósk um byggingu íbúða á því svæði. Sú skuggamyndun sem sýnd er á meðfylgjandi mynd Mynd B er mikil og langt frá því sem fram kemur í þeim kröfum sem gerðar voru til hönnunar bygginga við Árskóga 1-3. Félagið hefur fengið ábendingar og afbókarir frá þeim sem hafa kynnt sér auglýsingu um breytingu á deiliskipulagi og þeir hafa jafnvel fallið frá ósk um kaup vegna staðsetningu þess knattúss sem nú er auglýst í deiliskipulaginu. Að lokum verður ekki séð hvar gert er ráð fyrir aðkomu að bílastæðum við fyrirhugað knattús og eða stúku. Nokkuð sem mikil áhersla hefur lögð á við úthlutun lóða og hönnunar húsa við Árskóga.

Með auknum umferðarþunga sem óhjákvæmilega leiðir af nýjum byggingum sem hér eru sýndar og aukinni starfsemi, þarf að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að gatan Árskógar og tenging götunnar við Álfabakka verði ekki sú gegnum akstursgata sem hún er að breytast í. Þannig verði reynt að tryggja að gatan verði eingöngu íbúagata.



Mynd A



Mynd B

Íþróttasvæði ÍR

□ Íþróttasvæði ÍR.
Breyting á uppbyggingu
mannvirkja, heimild
fyrir uppbyggingu á
íþróttahúsi og hálfu
knattúsi. Keppnis- og
æfingavöllum fækkað úr
þremur í tvo og stúka
fyrir allt að 1.500
áhorfendur færð til lögð
samhliða keppnisvelli ÍR



Reykjavík 28. september 2017

Varðar: Suður Mjódd, breyting á deiliskipulagi.

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 29. júní 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar. Í breytingunni felst breytingar á íþróttasvæði ÍR, breytingar á lóðum við Árskóga 1-7, breytingar á lóð Álfabakka 2, lagnakvöðum á öllu svæðinu o.fl. Einnig er gert ráð fyrir nýrri verslunar- og þjónustulóð á norðvestur hluta svæðisins, samkvæmt uppd. Teiknistofunnar Storð ehf., dags. 27. apríl 2017.

Tillagan var auglýst frá 6. júlí 2017 til og með 17. ágúst 2017.

Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir:

- 1) Steindór Einarsson f.h. Húsanna í bænum ehf. dags. 31. júlí 2017,
- 2) Þórey S. Guðmundsdóttir, Aðalsteinn Kjartansson og Eiríkur Sævaldsson f.h. stjórnar húsfélagið Árskógum 6 og 8, dags. 11. ágúst 2017, ásamt undirskriftarlista,
- 3) Ólafur Gylfason, dags. 14. ágúst 2017, og Hróbjartur Jónatansson, dags. 15. ágúst 2017,
- 4) Pétur Valdimarsson, dags. 17. ágúst 2017
- 5) Félag eldri borgara og Gísli Jafetsson, dags. 17. ágúst 2017.

Svör við athugasemdum.




1) **Steindór Einarsson f.h. Húsanna í bænum ehf. dags. 31. júlí 2017.**

Athugasemd: Gerð er athugasemd við fyrirhugað bílgeymsluhús á lóð F, V2 og þess krafist að það verði ekki hluti af skipulaginu. Finnst að það sé of nálægt lóðarmörkum Þverársels 24,26,28.

Svar: Í fyrirliggjandi tillögu eru skilmálar þannig uppbyggðir að settir eru fram tveir möguleikar um uppbyggingu á bílastæðahúsi eða bílakjallara undir fyrirhuguðum byggingum. Fjöldi bílastæða á lóðinni er takmarkandi og því aðeins hægt að byggja annað hvort sjálfstætt bílastæðahús eða bílakjallara undir fyrirhuguðum byggingum á reitF, V2 (ný lóð við Álfabakka 4). Auk þess er kostnaður við uppbyggingu takmarkandi þáttur, sem þýðir að velja þarf á milli tveggja kosta. Deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir því að fyrirhugað bílastæðahús verði fellt að landinu og mögulega verði hluti af bílastæðahúsinu þakið jarðvegi og grænu svæði til að draga úr sjónrænum áhrifum af fyrirhuguðum byggingum, verði úr því að lóðarhafi nýti sér þann kost að reisa bílastæðahúsið.

Í sérstökum viðbótarákvæðum við auglýsta tillögu og uppbyggingu á lóðunum við Álfabakka, Árskóga og íþróttasvæði ÍR, skal leggja fram séruppdrátti á lóðum eða lóðarteikningar þar sem skilgreindur er yfirborðsfrágangur og önnur uppbygging á lóðunum til að fegra umhverfi, skapa græna ásýnd og bæta hljóðvist á skipulagssvæðinu og næsta nágrenni þess. Þessa uppdrátti þarf að leggja fyrir samhliða aðaluppdráttum fyrir nýjar byggingar á deiliskipulagssvæðinu. Embætti byggingarfulltrúa mun fylgja þessum ákvæðum eftir í samræmi við deiliskipulagsskilmálana.

Samkvæmt mælingum á uppdrætti þá virðist sem minnsta fjarlægð frá fyrirhuguðu bílastæðahúsi að lóðarmörkum við þverársel um 12 metrar og einnig er í skipulagi sýndur allavega 3 metra breiður stofnstigur milli lóðarmarka sem á eftir að hanna og útfæra. Eftirfarandi myndir að neðan sýnir fjarkæðir og hvernig hugsað er að byggingin verði felld inn í landið og þakið gróðri að ofan til að draga úr sjónrænum áhrifum.



Ekki er því lagt til að breyta skipulaginu þannig að bílgeymsluhúsið/ bílastæðahúsið verði felld út af skipulaginu. Engin breyting er því gerð á uppdrætti.

2) **Þórey S. Guðmundsdóttir, Aðalsteinn Kjartansson og Eiríkur Sævaldsson f.h. stjórnar húsfélagið Árskógum 6 og 8, dags. 11. ágúst 2017, ásamt undirskriftarlista.**


Athugasemd: Gerð er athugasemd við samþykkt skipulag frá 2015 þar sem byggingareitur fyrir þjónustumiðstöð á lóð Árskóga 2-8 er staðsettur á núverandi púttvelli.

Svar: Ekki er um að ræða neina breytingu á umræddum byggingareit fyrir þjónustumiðstöð á lóð Árskóga 2-8 skv. auglýstri tillögu frá samþykktu skipulagið árið 2015. Byggingareiturinn var stækkaður samkvæmt tillögu árið 2015 og var settur inn til að geta stækkað þjónustumiðstöðina þar sem verið er að byggja íbúðir fyrir Eldri borgara á lóð Árskóga 1-3 sem munu eflaust að einhverju leyti vilja sækja þjónustumiðstöðina.

Hins vegar þá er lagt til að minnka byggingareitinn fyrir þjónustumiðstöðina (sem var rúmur) til að auka líkur á því að hægt sé að þyrma sem mestu mjög vinsælum púttvelli á lóðinni. Breyting þess efnis er því gerð á uppdrætti.

Stækkun á þjónustu- og félasmíðstöð við Árskóga er hugsuð til framtíðar og samkvæmt deiliskipulaginu hefur verið skilgreindur stækkaður byggingareitur fyrir uppbyggingu til suður ásamt mögulegri tengingu við lóðirnar við Árskóga 1-7. Þessi uppbygging lá einnig fyrir í fyrri deiliskipulagsbreytingu. Þessi uppbygging er ekki í farvatninu sem stendur og getur því orðið einhver bið á því að þessu byggingarreit verði nýttur. Lagt er til að byggingarreitur verði minnkaður **um 5 metra** og við það verður meira svæði til umráða á suðurlóðinni. Grunnflötur viðbyggingar þjónustumiðstöðvar minnkar við það um 150 m². Núverandi púttvöllur yrði að hluta til (12 metrar) leiti innan þessa byggingarreits, en það er mögulegt að hliðra til og snúa púttvellingum á svæðinu án þess að skerða útsvæði næst núverandi byggingum við hjúkrunarheimilið. Púttvöllurinn er í dag á um 320 m² og sú stærð yrði óbreytt með þessu fyrirkomulagi.

Í upphaflegum áformum um uppbyggingu og stækkun hjúkrunarheimilisins voru áform um að reisa nýja byggingu meðfram Árskógum á 3-4 hæðum, en þá hefði mest öllu græna svæðið sunnan við Árskóga 2 til 6 verið fórnað undir nýja byggingu. Sú uppbygging verðu núna norðaustan við núverandi byggingar. Ef byggt verði við núverandi þjónustubyggingu verður hægt að hanna nýtt púttsvæði milli göngustígs við Árskóga og þjónustuaðkomu að hjúkrunarheimilinu. Einnig er möguleiki að nýta hornið við Árskóga og Skógarsel í samræmi við skilgreiningar í deiliskipulagi, en það svæði er þó mun fjær núverandi svæði. Það er ekki hægt að falla frá uppbygginu á þessum byggingarreit, en möguleiki að færa púttvöllinn austar á núverandi lóð og bæta við púttvelli á horninu við Árskóga og Skógarsel.



Tillaga að endurskoðum byggingareit (reiturinn minnkar sem því nemur svörtu skraferiningunni)

3) Ólafur Gylfason, dags. 14. ágúst 2017 og Hróbjartur Jónatansson, dags. 15. ágúst 2017.

Athugasemd: Gerðar eru athugasemdir við skerðingu á íþrótt- og útivistarsvæði skv. gildandi skipulagi vegna reits F, V2. Einnig er gerð athugasemd við aukið byggingarmagn á reit D, B1 íbúðir á lóðum Árskóga 1-3 og 5-7. Jafnframt er gerð athugasemd við starfsemi á reit E, V1. Allar athugasemdir benda á um er að ræða aukna umferð inn á svæðið.

Svar: Ekki er verið að skerða af lóð ÍR heldur er ný lóð tekin af skilgreindu opnu svæði f. útivist skv. deiliskipulagi. Ekki var þó búið að ákveða neina útfærslu og/eða hönnun á svæðinu. Jafnframt var alltaf vitað að mögulega Kópavogsgöng myndu koma þar upp, þó verið sé að skipuleggja þau úr aðalskipulagi sbr. nýleg breyting á því sýnir. Í eldri deiliskipulagi fyrir Suður Mjódd frá 199 þá var gert ráð fyrir verslunar- og þjónustulóð á umdræddu svæði, en lóðin síðan minnkuð með skipulaginu árið 2009 og síðan felld út með breytingartillögu 2015. Lóðin er því aftur sett inn enda breyttar forsendur komnar fyrir svæðið.

Í nýlegum samningi Reykjavíkurborgar og ÍR sem tók gildi um síðastu áramót þá er gert ráð fyrir að unnar verði breytingar á skipulagi fyrir Suður Mjódd og þá um leið athafnasvæði ÍR afmarkað sérstaklega. Jafnframt gengið frá fyrirkomulagi svæðisins, stígum, gróðri, bílastæðum og mannvirkjum sem er gert ráð fyrir að rísi á næstu árum. Jafnframt í þeim samningi er talað um að hafnar eru framkvæmdir í Suður-Mjódd við íbúðir fyrir aldraða. Einnig verða skipulagðar á vegum Reykjavíkurborgar á svæðinu, utan athafnasvæðis ÍR, lóðir undir atvinnu- og þjónustustarfsemi og framkvæmdir munu síðan hefjast við uppbyggingu á þessum lóðum.,

Varðandi athugasemd um útsýnisskerðingu þá skal bent á að íbúar í borg geta ávallt átt von á því að nánasta umhverfi þeirra taki einhverjum breytingum sem haft geta í för með sér skerðingu á útsýni, aukið skuggavarp, umferðaraukningu eða aðrar breytingar. Verði menn að sæta því að með

almennum takmörkunum geti hagsmunir þeirra í einhverju verið skertir með slíkum breytingum þar sem réttur íbúa til óbreytts útsýnis er ekki bundin í lög.

Varðandi reit E, V1 – þá er ekki um neina stefnubreytingu á skipulaginu að ræða á því svæði nema að lóðinni er skipt upp í fjórar minni lóðir. Jafnframt er dregið úr byggingarmagni á lóðunum og byggingar lækkaðar frá eldra skipulagi. Varðandi starfsemina þá er um miðsvæði (M12) að ræða skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og er um að ræða borgarhlutakjarna þar sem getur verið staðsett fjölbreytt þjónusta og starfsemi sem þjónar heilum borgarhluta. Verslun og þjónusta, skrifstofur, stofnanir, afþreying og eftir atvikum íbúðir, einkum á efri hæðum bygginga. Veitingastaðir eru jafnframt heimilaðir.

4) Pétur Valdimarsson, dags. 17. ágúst 2017.

Athugasemd: Gerð er athugasemd við eldri samþykktu tillögu frá 2015 í nokkrum liðum er varðar bílastæði, hljóðvistarmál, umferðartengingar, umferðarmagn. Jafnframt eru gerðar athugasemdir við auglýsa tillögu er varðar íþróttaaðstöðu fyrir ÍR, hljóðvistarkröfur á lóðum Árskóga 1-3 og 5-7, fjölgun íbúða á þeim lóðum, bílastæðamál, húshæðir, kvaðir um bílakjallara á lóðum 2a-2d og fjölda bílastæða á þeim lóðum. Jafnframt eru gerðar athugasemdir við nýja lóð á reit F, V2 o.fl atriði á þeirri lóð, auk umferðarmagns, umferðartengingar, skiltamál, hæðarkóta o.fl. Í lokin er smá samantekt þar sem athugasemdaraðili tekur fram að hann er eindregið á móti stækkun og aukningu á byggingarmagni á svæðinu og finnst að ekki eigi að þrengja meira að svæði ÍR.

Svar: Varðandi athugasemdir Péturs Valdimarsson þá er ekki talin ástæða til að svara þeim efnislega, enda vandséð hvaða hagsmuni hann hafi af þeim skipulagsbreytingum sem þar koma fram, en hann býr í Réttarbakka sem er töluvert utan skipulagssvæðisins. Við yfirferð athugasemda hans hefur enn fremur ekkert komið í ljós sem kallar á breytingar á hinni auglýstu skipulagstillögu.

5) Félag eldri borgara og Gísli Jafetsson, dags. 17. ágúst 2017.

Athugasemd: Gerð er athugasemd við fyrirhugaða uppbyggingu á lóð ÍR. Finnst þeim um sé að ræða forsendubreytingu þar sem í eldri tillögum hefur verið gert ráð fyrir opnu (íþrótt)svæði fyrir framan lóðir 1-3 og 5-7 við Árskóga. Jafnframt er lýst yfir áhyggjum af aðkomu að bílastæðum við fyrirhuguð íþróttahús. Einnig er lýst yfir áhyggjum yfir að gatan Árskógar verði að mestu íbúðargata frekar en tengigata með aukinni starfsemi á svæðinu og að gera þurfi viðeigandi ráðstafnir þess efnis.


Svar: Í auglýstri tillögu þá er gert ráð fyrir breytingu á uppbyggingu mannvirkja á svæðinu, þ.e. íþróttahúsi, tengibyggingu, stúku og hálfu knatthúsi ásamt því að keppnis- og æfingavöllum er fækkað úr þremur í tvo. Í eldra samþykktu skipulagi frá 2015 þá var heimild fyrir uppbyggingu á fjölnota íþróttahúsi en auglýst tillaga gerir nú ráð fyrir hálfu knatthúsi og íþróttahúsi. Gert er ráð fyrir að hámarkshæð hálfu knatthúss verði 16 m og byggingin lögð eins lágt í landið og aðstæður leyfa. Ekki er ólíklegt að húsið verði 14 m og grafið niður um 2 m, þannig að hæð í landi yrði þá 12 m. Ekki er búið að hanna húsið en byggingabyggingarnefnd ÍR er að skoða stærð húss 67*79 m og þá með gólfið í sama kóta og kjallari í núverandi húsi við Skógarsel 12. Jafnframt því yrði mögulegt að setja léttu mön og gróður til að hylja frekar ásýndinina að lóð Árskóga 1-3 og 5-7. Þessari

Ábendingu Félags Eldri Borgara er komið á framfæri við byggingarnefnd ÍR með það í huga að létta á ásjón fyrrihugaðs knatthúss í hönnun.


Bent skal á að íbúar í borg geta ávallt átt von á því að nánasta umhverfi þeirra taki einhverjum breytingum sem haft geta í för með sér skerðingu á útsýni, aukið skuggavarp, umferðaraukningu eða aðrar breytingar. Verði menn að sæta því að með almennum takmörkunum geti hagsmunir þeirra í einhverju verið skertir með slíkum breytingum þar sem réttur íbúa til óbreytts útsýnis er ekki bundin í lög.

Varðandi bílastæði (aðgengi að stúku) þá er ekki gert ráð fyrir stæðum á þeim skilgreindu bílastæðum sem eru sýnd á uppdrætti, aðalinngangur inn í Knatthús og íþróttahús yrði í fyrrihugaða tengingbyggingu og það svæði sem núverandi ÍR hús við Skógarsel. Áfram er gert ráð fyrir að gatan Árskógar sé skilgreind sem Vistgata, sem 30 km svæði. Ábendingum um götuna er komið á framfæri við samgöngudeild Reykjavíkurborgar sem fær það til skoðunar og útfærslu ef ástæða þykir til að skilgreina götuna eins og fram kemur í deiliskipulagi.

Möguleg útfærsla A)



Möguleg útfærsla B)



Niðurstaða

Lagt er til að auglýst tillaga verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa, ásamt lítilsháttar uppfærslum þurfti að gera á uppdrætti m.t.t. stafsetningar og innihalds. Nýir uppdrættir eru dags. 28.september.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, /Björn I. Edvardsson